



## Ályktun stjórnar læknaáðs Landspítala varðandi sýkingavarnir á bráðamóttöku LSH

Bráðamóttaka Landspítalans er fyrsti viðkomustaður um 200 sjúklinga sem leita þangað daglega. Þar fá sjúklingar fyrstu greiningu og hluti þeirra þarfnast innlagnar á legudeildir spítalans. Oft reynist mjög örðugt að finna pláss á legudeildum og því hafa sjúklingar þurft að liggja dögum saman á bráðamóttökunni, sem ekki er hönnuð sem legudeild. Vegna eðli bráðadeildar er þjónusta við sjúklinga ekki sú sama og býðst á legudeildum. Sjúklingar þurfa einnig oft að dvelja í gluggalausum herbergjum, í fjölbýli eða á göngum og þurfa í flestum tilvikum að deila salernum.

Vegna ofangreindra vandamála á bráðamóttöku er oft erfitt að koma við grunnatriðum sýkingavarna sem krefjast lágmarks einangrunar. Sjúklingum sem koma erlendis frá hefur fjölgað á undanförunum árum, en þeir geta borið með sér fjölmörg sýkla. Yfirlæknar á bráðamóttöku, sýkingavarnadeild og sýkla- og veirufræðideild Landspítala hafa allir lýst yfir miklum áhyggjum af ófullkominni einangrun sjúklinga sem mögulega bera nær alónæmar bakteríur. Ljóst er að ástandið verður ekki að fullu lagfært nema með tilkomu nýs meðferðarkjarna, en Læknaáð Landspítalans skorar á framkvæmdastjórn LSH að grípa þegar í stað til úrræða til að draga úr vandanum. Jafnframt skorar læknaáð á stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit um framkvæmdir við meðferðarkjarnann, en þörf fyrir bættu aðstöðu verður sífellt brýnni, eins og ofangreint erindi varpar ljósi á.

14. júní 2019